

Rangárþing ytra  
Haraldur Birgir Haraldsson  
Suðurlandsvegur 1-3  
850 Hella

Reykjavík, 21. júní 2022  
UST202205-203/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Leirubakki– Rangárþing ytra**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 16. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Leirubakka í Rangárþingi ytra.

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið er rúmlega 40 ha og gerir skipulagið ráð fyrir 39 frístundalóðum, á bilinu 0,6 til 1 ha að stærð. Heimiluð verður uppbygging frístundahúss, aukahúss/gestahúss og geymslu/skemmu. Auk þess kemur fram að aðkoma að svæðinu er um Landveg, niður Réttarnesveg og gert verður ráð fyrir nýrri aðkomu inn á svæðið.

### **Forsendur og umhverfismat**

Þar sem skipulagssvæðið er á nútímahrauni þarf að koma fram í tillögunni hvernig hún samræmist verndarmarkmiðum aðalskipulagsins. Auk þess þarf að koma fram hvernig tillagan samræmist landsskipulagsstefnu varðandi verndun hraunasvæða. Einnig þarf að koma fram hver áhrif tillögunnar eru á jarðminjar.

### **Sérstök vernd náttúruverndarlaga**

Umhverfisstofnun bendir á að Þjórsárhraunið, sem fjallað er um í greinargerð, fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Mikilvægt er að ofangreint komi fram í tillögunni.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvæðingabæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Mikilvægt er að mati stofnunarinnar að fjallað sé um ákvæði laganna í tillögunni.

Að mati Umhverfisstofnunar er óljóst hvort sé að finna jarðminjar sem hafa verndargildi innan skipulagssvæðisins, en mikilvægt er að það komi fram í tillögunni. Mikilvægt er að byggingarreitir, vegir og aðrar framkvæmdir séu staðsettir með tilliti til jarðminja. Auk þess er mikilvægt að sett séu skilyrði í tillögunna um vernd á jarðminjum.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask jarðminja sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja

Þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyfyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Í skipulagsáætluninni er ekki fjallað sérstaklega um framkvæmdir sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun lítur því svo á að umsögn þessi uppfylli ekki umsagnarskyldu skv. 2. mgr. 68. gr., sbr. 3. mgr. 61. gr. og áskilur sér rétt til umsagnar áður en veitt er leyfi vegna framkvæmda sem kunna að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. 61. gr. laganna.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
*sérfræðingur*

Agnes Þorkelsdóttir  
*sérfræðingur*